



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík
uar@uar.is

nóvember 2021

Umsögn við mál nr. 184/2021: Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Landnýting á Íslandi hefur oft verið í hávegum höfð á alþjóðavettvangi, þá sérstaklega hvað varðar auglýsta sjálfbærni í sauðfjárrækt. Með meiri og betri faglegri þekkingu á þessu sviði hefur hins vegar komið í ljós að það er margt sem betur má fara. Sjálfbær landnýting krefst ýmiss af okkur, umfram endurheimt votlendis. Það er því kominn tími til að sett verði reglugerð um landnýtingu þar sem skýrar línur eru settar um hvaða nýting teljist sjálfbær. Drög þessi að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu eru mikilvægt skref í átt að bættri landnýtingu og fagna Ungir umhverfissinnar því.

Hér á eftir koma athugasemdir okkar við reglugerðina.

7. gr. liður e.

Hér mætti minnst á skurði þar sem þeir geta borið efni frá tünnum út í vötn eða ár. Einnig mætti setja mæligildi á "lágmarksfjarlægð" frá vötnum.

7. gr. liður j.

Hér mætti bæta við nýjum lið þegar kemur að minni notkun á tilbúnum áburði, og setja fram markmið um að hætta algjörlega notkun á áburði sem hefur slæm áhrif á líffræðilega fjölbreytni og veldur kolefnislosun í framleiðslu. Náttúrulegar hringrásir og líffræðileg fjölbreytni getur í flestum tilfellum komið í stað skaðlegra áburðarefna.

10. gr. liður c.

Hér mætti taka sérstaklega fram að markmiðin þurfi að vera mælanleg.

4.gr. bls. 14: Landbúnaðarskógrækt

Í umfjöllun um landbúnaðarskógrækt í reglugerðinni þarf að koma skýrt fram að ekki skuli notast við ágengar tegundir, eins og drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 kveða á um, til að koma í veg fyrir að svo sé gert. Við leggjum til að eingöngu verði notast við innlendar tegundir. Hérlendis eru sitkagreni og stafafura t.a.m. ekki taldar ágengar tegundir, en erlendis eru þessar tegundir umdeildar, þ.a.m. í nágrenni þjóðum okkar.¹ Það er ekki að ástæðulausu, sbr. t.d. grein Andrésar Arnalds og Sveins Runólfssonar² um þá herför sem stafafuran hefur farið um Nýja-Sjáland og viðbrögðum stjórnvalda þar í landi við mikilli og stjórnlausri útbreiðslu tegundarinnar. Hagnýta ætti reynslu annarra þjóða í þessum efnum sem og í öðrum.

Enn fremur teljum við þörf á því að skýra út líffræðilegan fjölbreytileika í reglugerðinni og hvernig það sé tryggt að honum sé viðhaldið með landbúnaðarskógrækt og það stutt með vísindalegum rökum.

Viðauki I

Ungir umhverfissinnar vilja lýsa yfir stuðningi við umsögn Ólafs Arnalds, prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands. Viljum við ítreka mikilvægi sjálfbærrar landnýtingar í baráttunni við loftslagsvána þar sem illa nýtt og mikið raskað land losar gríðarlegt magn CO₂ í andrúmsloftið.³ Það er mikilvægt að land sem talið er óhæft til nýtingar vegna ástands þess sé friðað fyrir nýtingu og að lokum sé ráðist í endurheimt.


Viðauki IV

Hér mætti bæta við mikilvægi sjónrænna áhrifa þegar kemur að innviðum en mikilvægt er að þeir falli vel inn í umhverfið. Upplifun fólks af umhverfi sínu er mikilvægur partur af umhverfisvernd sem ekki má gleyma. Hér má einnig nefna að aukinn fjölbreytileiki í landbúnaði s.s. landbúnaðarskógrækt ásamt akuryrkju bætir sjónræna upplifun að miklu leyti.

Að lokum

Reglugerð þessi er kærkomin þar sem mikilvægt er að huga að sjálfbærni í allri nýtingu á auðlindum okkar. Við vonum að þessar athugasemdir verði teknar til greina við endurskoðun á þessum drögum að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

A handwritten signature in black ink, reading "Sæunn Júlía", is written over a solid horizontal line.

Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi

Heimildir

1. Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Umfangsmikil skógrækt gæti skaðað vistkerfin okkar. https://www.mbl.is/frettir/taekni/2019/10/20/umfangsmikil_skograekt_gaeti_skadad_vistkerfid/
2. Andrés Arnalds og Sveinn Runólfsson. Rétt tré á réttum stað. https://www.bbl.is/skodun/lesendabasin/rett-tre-a-rettum-stad?fbclid=IwAR1k2uEfxb2P_DQq3AgAtGNuwOuBuPif_-_Kwq72JHjGv-W6mCo5zy5H4yCl
3. Ólafur Arnalds. Loftslag, kolefni og mold. Rit Lbhí nr. 133.